

Alþingi  
Erindi nr. P 127/508  
komudagur 13. 12. 2001



Alþingi  
Einar Farestveit, nefndarritari  
150 REYKJAVÍK

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögðu 4, 150 Reykjavík  
sími: 560 9500, bréfasími: 562 3068  
netfang: postur@mrn.stjr.is  
veffang: menntamalaraduneyti.is

Reykjavík, 10. desember 2001

Tilvísun: MMR01120083/35.100; 01.011/KHG/--

Vísað er til bréfs menntamálanefndar Alþingis, dags. 6. desember s.l. en með því var sent til umsagnar frumvarp til laga á útvarpslögum, nr. 53/2000, stofnun hlutafélags um rekstur Ríkisútvarpsins o.fl.

Af þessu tilefni skal upplýst að í gildi er árangursstjórnunarsamningur milli menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins og jafnframt hefur útvarpsstjóra verið afhent erindisbréf. Þá skipaði menntamálaráðherra 31. ágúst 2001 vinnuhóp til að fara yfir fjárhag og rekstur Ríkisútvarpsins og skilaði vinnuhópurinn skýrslu sinni í nóvember s.l. Í ljósi skýrslunnar mun menntamálaráðherra beita sér sérstaklega fyrir athugun á fjárhagslegum tengslum Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þá hefur verið ákveðið að stjórnarflokkarnir setji niður hóp undir forystu menntamálaráðherra til að vinna að skipulagsbreytingum á Ríkisútvarpinu og breytingu á opinberri tekjuöflun til að standa undir rekstri þess.

F.h.r.